



Reykjavík 6. mars 2024

**Efni:** Umsögn IOGT á Íslandi um „Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum varðandi aldursmörk“. 154. löggjafarþing 2023–2024. Þingskjal 305 — 301. mál.<sup>1</sup>

**IOGT á Íslandi leggst eindregið gegn umræddu frumvarpi** og telur að samþykkt þess muni leiða til aukinnar áfengisnotkunar í landinu. Það mun auka þann vanda sem notkun áfengis veldur. Það mun fjölga notendum sem enn hafa ekki fullþroskaðan heila. Það mun fjölga notendum sem eru líklegri til að þróa með sér fíkn. Áfengi er engin venjuleg neysluvara heldur lífrænt leysiefni, eitur sem er notað sem hugbreytandi vímuefni, er fíkniefni og eiturlyf. Áfengi er ávanabindandi og á þátt í myndun krabbameins. Áfengi hefur mikla sérstöðu sem lögleg vara og fráleitt að um hana þurfi eða eigi að gilda sömu viðmið og ýmsar aðrar vörur.<sup>2</sup>

Bindindissamtökin IOGT vinna mikið með almenningi í grasrótarstarfi, þar kemur fram mikil andúð samfélagsins á frumvarpinu. Frumvarp þetta er í algerrí mótisögn við heilbrigðisstefnu þessarar sem og fyrri ríkisstjórna.<sup>3 og 4</sup> Frumvarpið vinnur gegn samþykktum Alþingis í málefnum barna<sup>5</sup>, kvenna<sup>6</sup>, jafnréttis og ofbeldis ásamt Barnasáttmála Sameinuðu Þjóðanna<sup>7</sup> sem er hluti íslenskra laga. Í fyrri umsögnum IOGT á Íslandi sem lesa má á vef alþingis, hafa komið fram margar traustar heimildir sem eru gefnar út á ábyrgð viðurkenndra stofnana, innlendra og alþjóðlegra, um vandann sem fylgir notkun áfengis. Af þeim er ljóst að vandinn vegna notkunar áfengis er gífurlegur og mikilvægt að leita allra mögulegra leiða til þess að halda honum í skefjum. Umfram allt eru þær þó staðfesting og áminning um að áfengi er engin venjuleg neysluvara og eðlilegt að um hana gildi um margt annað fyrirkomulag og reglur en ýmsar aðrar vörur.

IOGT á Íslandi hefur ítrekað átt fundi með ráðamönnum samfélagsins og útskýrt að flest ríki heims ásamt alþjóðastofnunum ynnu að bættari lýðheilsu og sjálfbærnismarkmiðum og að allar tilslakanir á áfengislöggjöfni væri óheillaskref sem hefði óafturkræf áhrif á einstaklinga og samfélag. Hér er unnið að því að auka aðgengi áfengisíðnaðarins til að ýta undir notkun áfengis og að gera notkun áfengis eðlilegri þátt í okkar samfélagi og ekki hægt annað en að sjá hve markvisst er unnið að því að mæta ítrustu hagsmunum áfengisíðnaðarins til þess að þeir einir hagnist. Eftir því sem einstaklingar byrji fyrr að nota áfengi er margfalt meiri hætta á að mynda fíkn þar sem líkamlegur og sálfræðilegur þroski er ekki til staðar.

Áttföldun hefur orðið á skorpulifur á Íslandi síðan þjórin var leyfður 1989. Rannsóknir hafa sýnt beint samband áfengisneyslu og dánartíðni af völdum skorpulifrar. Aukin áfengisneysla hefur jafnan í för með sér vaxandi nýgengi og dánartíðni af völdum þessa kvilla. Meira aðgengi leiðir til meiri áfengisneyslu og aukið aðgengi að áfengi er vafalítið ein af meginorsökum vaxandi nýgengis skorpulifrar hér á landi.<sup>8</sup> Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) spáir því að fjöldi nýrra krabbameinstilfella fari yfir 35 milljónir árið 2050, en það er 77% fjölgun miðað við tilfelli fyrir árið 2022.<sup>9</sup> Nýjar rannsóknir sýna meiri skaða á heila en áður var talið.<sup>10</sup> Alma Möller landlæknir sagði á forvarnaráðstefnu 13/2 2024 að samkvæmt kostnaðargreiningu vegna áfengisneyslu hér á landi nam hann ríflega 100 milljörðum króna auk annars óáþreifanlegs kostnaðar.<sup>11</sup> Viðbót um hvern líter gæti verið 17 milljarðar. Samfélagslegur kostnaður vegna áfengisneyslu á Íslandi hefur verið reiknaður út í meistararitgerð Ara Matthíassonar 2010 en þar skipti hann kostnaði í beinan og óbeinan kostnað og var útkoman 54,6 – 87 milljarðar á ári.<sup>12</sup> Reiknað upp til ársins 2024 eru efri mörkin nú um 150 milljarðar. Áætlað er að þessi upphæð aukist um marga milljarða á ári ef frumvarp verður samþykkt.

Ungt fólk hefur minni áhuga á áfengi með hverju árinu.<sup>13</sup> Það er vel og því ótrúlegt að alþingismenn vinni gegn unga fólkinu.

Ísland er aðili að sjálfbærnimarkmiðum, Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.<sup>14</sup> Ljóst er að áfengisneysla hefur neikvæð áhrif og hindrar að minnsta kosti 14 af 17 markmiðunum og 54 af 169 undirmarkmiðum. Þetta frumvarp sem yrði til þess að auka áfengisneyslu er í hrópandi ósamræmi við gildandi samþykktir Alþingis. Movendi alþjóðahreyfing IOGT hefur sett saman rit um hvernig áfengi hefur áhrif á markmiðin og vinnur gegn sjálfbærniþróun í heiminum.<sup>15</sup> Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) bendir á að áfengi er stór þáttur í ósmítnæmum sjúkdómum (NCD) og hvetur allar þjóðir til að draga úr áfengisneyslu.<sup>16</sup>

IOGT á Íslandi er hluti af stærstu forvarnasamtökum heims. Meirihluti íbúa heimsins notar ekki áfengi. Yfir 62% heimsbyggðarinnar notar ekki áfengi og er það markmið IOGT að draga sem mest úr neikvæðum afleiðingum neyslu áfengis og annarra vímuefna. Við teljum að áfengis- og vímuefnavarnastefnan á hverjum tíma eigi að þjóna heildarhagsmunum samfélagsins og byggja á traustum rannsóknum með hagsmunum samfélagsins að leiðarljósi. Áfengismál og önnur vímuefnamál eru veigamikill málaflokkur og mikið í húfi. Fordast ber stefnumótun sem byggist á einföldun, vanþekkingu og úrræðum sem ekki skila árangri, vinna gegn heilsu einstaklinga og heilsu samfélagsins, hvað þá þegar ítrustu einkahagsmuni áfengisíðnaðarins eru hafðir að leiðarljósi. Þess vegna á almenningur rétt á að stefna um áfengi og önnur vímuefni sé vel ígrunduð, unnin af vandvirkni og farið varlega í breytingar á aðgengi. Eðlilegt er að mál fari í lýðheilsumat áður en þau eru lögð fram. Áfengis og vímuefnastefna okkar er sterk og horfa mörg ríki heims til hennar sem góðrar fyrirmyndar. Ef áfengisíðnaðinum tekst að veikja hana á Íslandi mun hann nota það til að veikja forvarnir í öðrum löndum. Það eru einstaklingar og fyrirtæki sem þverbrjóta lög í dag þegar kemur að aukinni markaðssetningu áfengis. Nú er mál að linni.

**Fyrir hönd Bindindissamtakanna IOGT á Íslandi** Björn Sævar Einarsson Formaður og Aðalsteinn Gunnarsson Framkvæmdastjóri

## Heimildir og tívísanir

---

- <sup>1</sup> <https://www.althingi.is/altext/154/s/0305.html>
- <sup>2</sup> [https://rafhladan.is/bitstream/handle/10802/7207/Afengi\\_engin.pdf?sequence=1](https://rafhladan.is/bitstream/handle/10802/7207/Afengi_engin.pdf?sequence=1)
- <sup>3</sup> [https://www.stjornarradid.is/library/04-Raduneytin/Heilbrigdisraduneytid/ymsar-skrar/Heilbrigdisstefna\\_4.juli.pdf](https://www.stjornarradid.is/library/04-Raduneytin/Heilbrigdisraduneytid/ymsar-skrar/Heilbrigdisstefna_4.juli.pdf)
- <sup>4</sup> <https://www.stjornarradid.is/library/05-Rikisstjorn/Stjornarsattmali2021.pdf>
- <sup>5</sup> <https://www.althingi.is/altext/151/s/1702.html>
- <sup>6</sup> <https://www.stjornarradid.is/raduneyti/forsaetisraduneytid/forsaetisradherra/stok-raeda-forsaetisradherra/2020/10/01/Avarp-forsaetisradherra-a-afmaelisfundi-tjordu-radstefnu-STh-um-malefni-kvenna>
- <sup>7</sup> <https://www.barnasattmali.is/is/um-barnasattmalann/heildartexti-barnasattmalans>
- <sup>8</sup> <https://www.laeknabladid.is/tolublod/2023/11/nr/8450>
- <sup>9</sup> <https://www.who.int/news/item/01-02-2024-global-cancer-burden-growing--amidst-mounting-need-for-services>
- <sup>10</sup> <https://www.iogt.se/vad-vi-gor/forskning-och-samverkan/forskningsrapporter/alkohol-och-hjarnan/>
- <sup>11</sup> <https://www.sameyki.is/frettir/stok-frett/2024/02/13/Rikid-framfylgir-ekki-logum-um-solu-afengis-a-Islandi/>
- <sup>12</sup> <https://skemman.is/handle/1946/4363>
- <sup>13</sup> [https://movendi.ngo/science-digest/how-to-understand-the-trend-of-falling-alcobol-use-among-the-worlds-youth/?fbclid=IwAR2AvU5FJv3Fwkyaa8Xs5e5m-Xij45IEZ\\_9A4mHxuAUOcSwWRthd5elEnLc](https://movendi.ngo/science-digest/how-to-understand-the-trend-of-falling-alcobol-use-among-the-worlds-youth/?fbclid=IwAR2AvU5FJv3Fwkyaa8Xs5e5m-Xij45IEZ_9A4mHxuAUOcSwWRthd5elEnLc)
- <sup>14</sup> <https://www.heimsmarkmidin.is/>
- <sup>15</sup> <https://iogt.is/wp-content/uploads/2020/08/Alcobol-and-SDGs-Movendi-2.0-ISL-2-29-06-2020-Endanleg-AG.pdf>
- <sup>16</sup> <https://www.paho.org/en/topics/noncommunicable-diseases>